

## GJALDSKRÁ

### fyrir rotþróargjald í Mosfellsbæ.

#### 1. gr.

Af öllum húseignum í Mosfellsbæ sem staðsettar eru á deiliskipulögðum íbúðasvæðum og á lögbylum þar sem fráveituvatn húseigna er leitt í rotþrær skal greiða árlegt rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu, sbr. 18. gr. samþykktar um fráveitu í Mosfellsbæ.

#### 2. gr.

Fyrir tæmingu hvernar rotþróar skal greiða kr. 30.000 og tekur gjaldið breytingum í janúar ár hvert í samræmi við byggingarvísitölu í september 2010, 513,7 stig.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki rotþróargjald. Gjald dagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu hans.

Óski húseigandi eftir því að rotþró sé tæmd til viðbótar við reglubundna tæmingu, skal hann greiða fyrir slíka tæmingu samkvæmt reikningi losunaraðila.

#### 3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Rotþróargjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur rotþróargjaldið lögveðréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði sbr. 23. gr. í samþykkt um fráveitu Mosfellsbæjar.

#### 4. gr.

Við álagningu árlegs rotþróargjalds getur bæjarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til samþykktar um fráveitu í Mosfellsbæ nr. 1014/2010, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Mosfellsbæ, 9. desember 2010.*

**Stefán Ómar Jónsson,**  
framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs.